

# Reglur ICEQ

## 1. gr. Heiti sjóðsins, deildarskipting og grunnmynt.

Nafn sjóðsins er ICEQ.

Sjóðurinn starfar í tveimur deildum – ISK deild og EUR deild.

Grunnmynt ISK deildar er íslenskar krónur. Grunnmynt EUR deildar er evrur.

## 2. gr. Fjárfestingarstefna sjóðsins.

### *Fjárfestingarstefna*

ICEQ er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 og er enn fremur vísitölusjóður í skilningi 36. gr. sömu laga og 9. gr. rgl. 792/2003 og takmarkast fjárfestingarheimildir deilda sjóðsins við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindum töflum og fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða skv. lögum nr. 30/2003 að öðru leyti. Ákvæði laganna sem fjalla um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða er meðal fylgiskjala útboðs- og skráningarlýsingarinnar.

### *Fjárfestingarstefna – ISK deild*

ISK deild ICEQ mun endurspegla samsetningu og ávöxtun OMXI6CAPISK vísitölunnar sem OMX Nordic Exchange Iceland hf. reiknar.

<b>Sundurliðun fjárfestinga ICEQ – ISK deild</b>	<b>%</b>
Hlutabréf skráð á Nordic Market í NASDAQ OMX Iceland hf.	90%-100%
Innlán fjármálafyrirtækja	0%-10%

### *Fjárfestingarstefna – EUR deild*

EUR deild ICEQ mun endurspegla samsetningu og ávöxtun OMXI6CAPEUR vísitölunnar sem OMX Nordic Exchange Iceland hf. reiknar.

<b>Sundurliðun fjárfestinga ICEQ – EUR deild</b>	<b>%</b>
Hlutabréf skráð á Nordic Market í NASDAQ OMX Iceland hf.	90%-100%
Innlán fjármálafyrirtækja	0%-10%

## 3. gr. Rekstrarfélag, vörslufyrirtæki og söluaðili sjóðsins.

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, fer með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 30/2003. Sjóðurinn hefur ekki fengið heimild til markaðsetningar í öðrum löndum en Íslandi.

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Arion verðbréfavarsla hf., kt. 470502-2450, Ármúli 13, 108 Reykjavík. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. er óheimilt að skipta um vörsluaðila nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Auk verðbréfavörslu sinnir Arion verðbréfavarsla hf. ýmsum öðrum verkefnum í rekstri sjóðsins. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 30/2003 hefur rekstrarfélag sjóðsins fengið samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir því að útvista til Arion verðbréfavörslu hf. ýmsum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins, s.s. að annast mat á verðmæti verðbréfa og

annarra eigna sjóðsins. Samkvæmt sömu lagaheimild annast Arion verðbréfavarsla hf. útreikninga á innlausnarvirði sjóðsins og annast vörslu hlutdeildarskírteina og annarra gagna um viðskipti. Þá hefur rekstrarfélag sjóðsins fengið samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir því að Verðbréfaskráning Íslands viðhaldi skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina í samræmi við lög um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 30/2003 hefur útvistun á framangreindum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins engin áhrif á ábyrgð félagsins gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina.

Arion verðbréfavarsla hf. annast og ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjöri sjóðsins í samræmi við samþykktir sjóðsins, lög nr. 30/2003 og bókhaldslög. Arion verðbréfavarsla hf. sér um að útbúa og senda efnahags- og rekstrarreikninga skv. lögum til endurskoðanda. Jafnframt skal Arion verðbréfavarsla hf. senda mánaðarlega skýrslu til Seðlabanka Íslands og skýrslu til Fjármálaeftirlitsins á mánaðar fresti í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru vegna þeirra sjóða sem um ræðir. Önnur skýrslugjöf til opinberra aðila vegna sjóðsins er jafnframt í höndum Arion verðbréfavörslu hf. ef efnið varðar þá þætti sem vörslufyrirtækið hefur tekið að sér samkvæmt samningnum.

Í lok hvers mánaðar sér Arion verðbréfavarsla hf. um að greiða eignastýringar- og vörsluþóknun fyrir sjóðinn. Mánaðarlegt uppgjör sjóðsins, uppgjör til endurskoðanda, skýrslur til utanaðkomandi eftirlitsaðila og viðskiptamanna skal borið undir framkvæmdarstjóra Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. til umsagnar.

Nýi Kaupþing banki hf. er söluaðili sjóðsins og annast þjónustu við þá sem fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum og annast milligöngu um útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina. Nýi Kaupþing banki hf. annast markaðsetningu og sölu hlutdeildarskírteina að öðru leyti.

Um verkefni sjóðsins fer nánar skv. samningum Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. og viðkomandi aðila.

#### **4. gr. Þóknanir.**

Þóknun Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. fyrir rekstur ISK deildar sjóðsins og Arion verðbréfavörslu hf. fyrir umsjón og vörslu fjármálagerninga sjóðsins skal að hámarki nema 2,0% á ári af meðaltali verðmætis hreinnar eignar ISK deildar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 0,5%.

Þóknun Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. fyrir rekstur EUR deildar sjóðsins og Arion verðbréfavörslu hf. fyrir umsjón og vörslu fjármálagerninga sjóðsins skal að hámarki nema 2,0% á ári af meðaltali verðmætis hreinnar eignar EUR deildar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 0,5%.

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. hefur jafnframt heimild til að innheimta þóknun vegna útgáfu eða innlausnar hlutdeildarskírteina ICEQ í skiptum fyrir hlutabréf og handbært fé (e. creation/redemption in kind) og nemur sú þóknun 0,1% af þeirri upphæð sem gefin er út eða innleyst. Séu innleyst eða gefin út hlutdeildarskírteini gegn peningagreiðslu hefur Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. heimild til þess að innheimta 5% þóknun af þeirri upphæð sem gefin er út eða innleyst.

Sjóðurinn þarf að standa skil greiðslu gjalda til NASDAQ OMX Iceland hf. eins og þau eru á hverjum tíma. Kostnaður vegna notkunar fréttapjónustu NASDAQ OMX Iceland hf. við útsendingar á daglegum tilkynningum um eignasamsetningu ICEQ nemur 7.000 evrum fast gjald á ári. Þóknun til NASDAQ OMX Iceland hf. fyrir einkaafnot af OMXI6CAPISK vísitölunni nemur nú 0,03% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins á hverjum matsdegi mánaðar meðan hann er starfræktur eða 3.000 bandaríkjadalir á ári, eftir því sem er hærra.

Kostnaður við skráningu ICEQ í NASDAQ OMX Iceland hf. er nú 450.000 kr. fast gjald á ári.

Kostnaður vegna notkunar fréttabjónustu Nasdaq OMX við útsendingar á daglegum tilkynningum um eignasamsetningu ICEQ nemur nú allt að 7.000 evrum fast gjald á ári.

Óski hlutdeildarskírteinishafi eftir kaupum eða innlausn hlutdeildarskírteina gegn peningagreiðslu er greiðslan háð innlausnarvirði og fjölda hlutdeildarskírteina sem keypt eða innleyst eru í lok þess dags sem óskað er innlausnar, að frádreginni þóknun sem er að hámarki 5% og að lágmarki 5.000 kr. Við kaup eða innlausn hlutdeildarskírteina gegn peningagreiðslu er endanleg greiðsla því ekki þekkt fyrr en í lok dags.

## 5. gr.

### Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.

Hlutdeildarskírteini í sjóðnum verða gefin út sem rafbréf hjá Verðbréfaskráning Íslands hf., sem mun halda skrá yfir hlutdeildarskírteinishafa. Gilda um útgáfuna lög nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna hans í hlutfalli við eign sína.

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. gefur út og innleysir hlutdeildarskírteini í ICEQ sjóðnum á tvennan hátt eftir því hvort um er að ræða viðskipti með undir eða yfir 30 þúsund hlutdeildarskírteina. Í báðum tilvikum er innlausnartími sjóðsins sá tími þegar opið er fyrir viðskipti með hlutabréf í NASDAQ OMX Iceland hf. og í báðum tilvikum er uppgjörstími sjóðsins T+3.

#### Viðskipti undir 30 þúsundir hlutdeildarskírteina:

Hlutdeildarskírteini í ICEQ verða seld eða innleyst gegn staðgreiðslu kaupverðs á frummarkaði eða eftirmarkaði þegar viðskipti eru undir 30 þúsundir hlutdeildarskírteina. Frummarkaður er hefðbundin útgáfa hlutdeildarskírteinis gegn peningagreiðslu. Eftirmarkaður verður með hlutdeildarskírteinin í OMX Nordic Exchange Iceland hf. og viðskiptavinir geta keypt og innleyst hlutdeildarskírteini í útibúum Nýja Kaupþings banka hf. á Íslandi og í gegnum verðbréfamiðlanir. Lágmark á fjárfestingu í ICEQ er bundið við lægstu viðskiptaeiningu í OMX Nordic Exchange Iceland hf. sem er 1 hlutur. Miðað við að sjóðurinn verði við skráningu á genginu 1.000 er lágmarksfjárfesting 1.000 kr.

Óski viðskiptavinnur eftir kaupum eða innlausn gegn peningagreiðslu þá miðast það við innlausnarvirði sjóðsins að frádreginni 5% þóknun.

#### Viðskipti 30 þúsundir hlutdeildarskírteina og hærrí:

Hlutdeildarskírteini eru útgefin á frummarkaði í skiptum fyrir hlutabréf í sömu hlutföllum og sjóðurinn er samsettur (e. creation/redemption in kind). Þessi skipting er birt á sjóðavef Kaupþings banka, <http://kaupthing.is/sjodir>, fyrir kl. 9:00 á hverjum viðskiptadegi, auk þess sem NASDAQ OMX Iceland hf. mun birta hana á vefsíðu sinni, <http://omxgroup.com/nordicexchange>. Innlausn fer fram á sama hátt þannig að viðskiptavinur fær afhent hlutabréf í sömu hlutföllum og sjóðurinn er samsettur á þeim tíma í skiptum fyrir hlutdeildarskírteini. Við útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina með skiptum fyrir hlutabréf (e. in kind) þá greiðir viðskiptavinur 0,1% skiptaþóknun.

Óski viðskiptavinnur eftir kaupum eða innlausn gegn peningagreiðslu þá miðast það við innlausnarvirði sjóðsins að frádreginni 5% þóknun.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sjóðsins skal reiknað út a.m.k. einu sinni á hverjum opunardegi. Innlausnarvirðið verður birt daglega á sjóðavef Kaupþings banka hf., <http://kaupthing.is/sjodir>, og sent til NASDAQ OMX Iceland hf. sem mun birta hana á vefsíðu sinni, <http://omxgroup.com/nordicexchange>.

## **6. gr.**

### **Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar.**

Arði af undirliggjandi eignum sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins. Þessar tekjur af undirliggjandi eignum sjóðsins skulu notaðar til að greiða rekstrarkostnað sjóðsins. Tekjum umfram rekstrarkostnað sjóðsins er mögulegt að greiða út sem arð til hlutdeildarskírteinishafa, ef stjórn Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. samþykkir slíkt, í því skyni að lágmarka frávik á innlausnarvirði sjóðsins frá viðmiðunarvísitölu sinni. ef stjórn rekstrarfélagsins samþykkir arðgreiðslu til hlutdeildarskírteinishafa, skal arðgreiðslan miðuð við skráða eign þeirra í lok þess dags sem hún er ákveðin.

## **7. gr.**

### **Útreikningur á innlausnarvirði hlutar.**

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðinn er markaðsvirði samanlagðra eigna viðkomandi deildar að frádregnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleysta hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 792/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

## **8. gr.**

### **Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði.**

Ef samanlagt markaðsverðmæti verðbréfa og annarra fjármálagerna deildar í sjóðnum fer undir 50.000.000 kr. skal stjórn Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. kanna sérstaklega hvort hagstæðara sé fyrir hlutdeildarskírteinishafa að sjóðsdeildinni sé slitið. Tillaga um slit og/eða samruna sjóðsdeildar skal tekin af stjórn Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa viðkomandi deildar bréfleiðis ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í einu dagblaði.

Ef samanlagt markaðsverðmæti verðbréfa og annarra fjármálagerna beggja sjóðsdeilda fer undir 50.000.000 kr. skal stjórn Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. kanna sérstaklega hvort hagstæðara sé fyrir hlutdeildarskírteinishafa að sjóðnum sé slitið. Tillaga um slit og/eða samruna sjóðsins skal tekin af stjórn Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í einu dagblaði.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og/eða samruna og tilgreinda dagsetningu gildistöku slitanna og/eða samrunans og skal sú dagsetning vera minnst þremur vikum eftir útsendingu tilkynningar. Á því tímabili sem líður frá því rekstrarfélagið sendir út tilkynningu og þar til slit og/eða samruni sjóðsdeildar tekur gildi, skulu hlutdeildarskírteinishafar sem ekki eru samþykkir slitunum og/eða samrunanum hafa tækifæri til að krefjast innlausnar hlutdeildar-

skírteina sinna í viðkomandi sjóðsdeild samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um innlausn. Sama gildir sé sjóðnum slitið í heild.

Komi til slita sjóðsins eða sjóðsdeildar skal Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. koma eignum sjóðsins/sjóðsdeildarinnar í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu þeirra. Rekstrarfélagi Kaupþings banka hf. er heimilt að deila niður eignum sjóðsins/sjóðsdeildar í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (in kind), á sanngjarnan hátt. Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjörs sjóðsins/sjóðsdeildarinnar sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn rekstrarfélaginu til vörslu um sex mánaða tíma. Við lok þessa tímabils skulu eignir sem ekki hefur verið gerð krafa til, faldar Nýja Kaupþingi banka hf. til vörslu, í þágu þeirra er í hlut eiga.

Reykjavík, 30. nóvember 2004,  
með breytingum gerðum 12. mars 2007,  
25. janúar 2008 og 27. janúar 2009